

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Öldugötu, Öldutún 2-6, Ölduslóð 1-10 og Hringbraut 1-15 vegna Öldutúns 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 16. nóvember sl. breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í að heimildum til byggingar bílgeymslu er breytt þannig að heimilað er að byggja stærri og hærri bílgeymslu.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 13. nóvember 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 27. nóvember 2024